

# Innlánasafn

Janúar 2025



## Fyrir hverja

Innlánasafn er fyrir þá sem vilja fjárfesta eingöngu í innlánum og vilja litlar verðsveiflur á inneign sinni.

Litil Mikil

- Skuldaráhætta (tapsáhætta)\*
- Markaðsáhætta (sveiflur í ávöxtun)\*

Innlán eru forgangskrafa við slit fjármála-fyrirtækis, samkvæmt lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði.

Inneign sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.

\* Nánar, sjá baksíðu.

## Upplýsingar

Stofndagur: 03.10.2008  
Fjöldi sjóðfélaga: 16.026  
Heildarstærð m.kr: 35.059

Frá ávöxtun safnsins dregst hlutdeild í rekstrarkostnaði lífeyrissjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður Almenna lífeyrissjóðsins er um 0,3% af meðaleignum.

## Fjárfestingarstefna

	Stefna	Lágmark	Hámark
Innlán, laust fé	100%	100%	100%

Eignasamsetning Almenna lífeyrissjóðsins skal vera í samræmi við heimildir í VII. kafla laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997 með síðari breytingum.

## Nánari upplýsingar

Almenni lífeyrissjóðurinn  
Borgartúni 25, 105 Reykjavík  
Sími 510-2500  
Fax 510-2550  
[almenni@almenni.is](mailto:almenni@almenni.is)  
[www.almenni.is](http://www.almenni.is)

## Um safnið

Almenni lífeyrissjóðurinn býður sjóðfélögum að ávaxta sparnað sinn í safni sem ávaxtar eignir á innlánsreikningum. Innlánasafnið er ávaxtað að öllu leyti á innlánsreikningum. Ávöxtun verður sambærileg og ávöxtun á verðtrygguðum bankareikningum með hæstu vöxtum á hverjum tíma og breytast vextirnir með almennu vaxtastigi í landinu.

Innlánasafnið hentar vel fyrir þá sem eru að ganga á inneign sína eða hyggjast gera það fljótlega þar sem gengissveiflur í safninu eru litlar. Breytingar á markaðsvöxtum hafa ekki áhrif á höfuðstól innlána, en breytingar á vísitölu neysluverðs hafa áhrif á höfuðstólinn. Stefnt er að því að dreifa eignum Innlánasafnsins á 3-4 innlánastofnanir.

## Orðsending sjóðstjóra

Innlánasafnið hækkaði um 6,6% á árinu 2024. Umsamin vaxtakjör á innlánsreikningum og verðbólga það sem af er ári skýra ávöxtun safnsins þar sem innlánsreikningar safnsins eru að mestu leyti verðtryggðir. Verðtryggingarhlutfall safnsins er um 99%. Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,8% á árinu.

## Eignasamsetning


Flokkun innlána	Eign
Innlán - Verðtryggt	98,6%
Innlán - Óverðtryggt	1,4%
	<u>100,0%</u>

## Ávöxtun, %


	Nafnávöxtun	Raunávöxtun
Frá áramótum	6,6%	1,7%
SL 1 ár	6,6%	1,7%
SL 3 ár	8,2%	0,8%
SL 5 ár	6,7%	0,6%
SL 10 ár	5,5%	1,2%
Frá stofnun	6,4%	1,8%

## Verðbréfaflokkar

Arion banki hf.	34,0%
Íslandsbanki hf.	31,2%
Landsbankinn hf.	28,7%
Kvika banki hf.	6,1%
	<u>100,0%</u>



## Gengisþróun sl. 10 ár



## Almennar upplýsingar

**Almenni lífeyrissjóðurinn** er lífeyrissjóður sem hentar þeim sem geta valið lífeyrissjóð og vilja greiða viðbótariðgjöld til að auka ráðstöfunartekjur sínar á eftirlaunaárunum. Aðild að sjóðnum er öllum opin en jafnframt er sjóðurinn starfsgreinasjóður arkitekta, leiðsögumanna, lækna, tónlistarmanna og tæknifræðinga.

Í Almenna lífeyrissjóðnum geta sjóðfélagar greitt bæði í séreignarsjóð og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði eru iðgjöld færð á sérreikning sjóðfélaga en með greiðslum í samtryggingarsjóð ávinna sjóðfélagar sér rétt á lífeyrisgreiðslum til æviloka og örorku-, maka- og barnalífeyri.

## Séreignarsjóður

**Innlánasafn** er hluti af séreignarsjóði Almenna lífeyrissjóðsins. Í séreignarsjóði eru iðgjöld sjóðfélaga færð á sérreikning hans auk vaxta og verðbóta. Iðgjöld hvers sjóðfélaga eru séreign hans en eru ávöxtuð með iðgjöldum annarra sjóðfélaga. Inneign í séreignarsjóði erfist við fráfall sjóðfélaga og er greidd út samkvæmt erfðareglum. Hefja má töku lífeyris úr séreignarsjóðum við 60 ára aldur. Ef sjóðfélagi verður öryrki er hægt að taka inneignina út á 7 árum m.v. 100% örorku.

Séreignarsjóður í stuttu máli.

- Inneign er laus til útborgunar frá 60 ára aldri.
- Inneign í séreignarsjóði erfist.
- Tekjuskattur er greiddur af lífeyrisgreiðslum.
- Hægt er að nýta persónuafslátt við útgreiðslu.
- Fjármagnstekjuskattur greiðist ekki af vaxtatekjum í lífeyrissjóði.

## Um skuldara- og markaðsáhættu

### Skuldaraáhætta

Skuldaraáhætta er sú áhætta að fjárfesting tapist vegna gjaldþrots útgefanda verðbréfs eða þess sem á að inna af hendi greiðslu. Skuldaraáhætta er mismikil meðal útgefanda. Skuldaraáhætta er talin lítil ef skuldabréf er með ríkisábyrgð. Skuldaraáhætta er meiri ef um skuldabréf fyrirtækja er að ræða. Skuldaraáhætta minnkar með auknum fjölda útgefanda í söfnum.

### Markaðsáhætta

Megin markaðsáhætta er tengist skuldabréfum eru breytingar á vaxtastigi á viðkomandi markaði. Breytingar á verði skuldabréfa til langs tíma eru meiri en skuldabréfa til stutts tíma við sömu breytingu á ávöxtunarkröfu. Löng skuldabréf og skuldabréfasjóðir með langan meðallíftíma sveiflast því meira í verði og fela því í sér meiri markaðs-áhættu en skuldabréf eða skuldabréfasjóðir með stuttan meðallíftíma. Markaðsáhættu skuldabréfasjóða er hægt að mæla með meðallíftíma þeirra sem er núvirði á vegnu meðaltali gjalddaga í greiðslufæði allra skuldabréfa sjóðsins. Markaðsáhætta minnkar með sparnaðartíma því þá minnka áhrif einstakra sveiflna og jafnast út með tímabilum hárrar og lágrar ávöxtunar.

## Fyrirvari

Innlán eru forgangskrafa við slit fjármálafyrirtækis, samkvæmt lögum nr. 125/2008 um sérstakar aðstæður á fjármálamarkaði.

Inneign sjóðfélaga í Innlánasafninu falla undir ákvæði laga nr. 98/1999 um innstæðutryggingar.